

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 4. mars 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum. Hann hóf fund á því að bjóða Gígju H. Óskarsdóttur velkomna á fundinn þar sem hún hefur nú tekið við af Gunnari Þór Gunnarssyni. Oddviti vakti máls á að í fyrsta skipti í sögu hreppsnefnda Höfðahrepps séu konur meirihluti hreppsnefndarmanna.

1. Fjárhagsáætlun 2004, síðari umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og bæði A- og B- hluta stofnana. Auk rekstraryfirlits lá fyrir fundinum yfirlit um sjóðsstreymi og deildayfirlit fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlunin var rædd og farið yfir rekstrarþætti og fjárfestingar. Nokkrar minnháttar breytingar voru gerðar á áætluninni en hún var síðan samþykkt samhljóða.

2. Úthlutun byggðakvóta,

Fyrir var tekin úthlutun byggðakvóta sbr. 2. dagskrárliður fundar 19. febrúar sl. Birna Sveinsdóttir lýsti sig vanhæfa til að taka þátt í umræðunni og vék af fundi. Rætt var um einstakar úthlutanir og farið yfir þau gögn sem fyrir fundinum lágu. Samþykkt að leggja til að eftirtöldum verði úthlutað:

| | |
|------------------------|-----------|
| Alda HU 12 | 4,85 tonn |
| Ólafur Magnússon HU 54 | 4,85 tonn |
| Hafgeir HU 21 | 4,85 tonn |
| Garpur HU 17 | 4,85 tonn |
| Samtals | 19,4 tonn |

3. Bréf:

Jökulrósar Grímsdóttur og Sigurjóns Ástmarssonar, dags. 24. feb. 2004.
Afgreiðslu frestað.

4. Fundargerðir:

- a) Hafnarnefndar 3.03.2004.
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Framkvæmdaráðs um svæðisskipulag, 8.01.2004.
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Framkvæmdaráðs um svæðisskipulag, 21.01.2004.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Framkvæmdaráðs um svæðisskipulag, 28.01.2004.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Framkvæmdaráðs um svæðisskipulag, 17.02.2004.

Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

- a) Hreppsnefnd hafði borist bréf Helgu Bergsdóttur sem segir starfi sínu lausu sem leikskólastjóri frá og með 1. apríl 2004.
Bréfið var til kynningar og erindinu vísað til leikskólanefndar.
- b) Umræður urðu um borgarafund og samþykkt að stefna að fundi í marsmánuði.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18³⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)